

Reglur fyrir Menningarsjóð Eyjafjarðarsveitar

1. gr.

Sjóðurinn heitir *Menningarsjóður Eyjafjarðarsveitar* og er eign Eyjafjarðarsveitar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

Að styrkja menningarverkefni í Eyjafjarðarsveit.

Að leggja til framlag til kaupa á listaverkum fyrir Eyjafjarðarsveit.

Að styrkja listamenn, félög og fræðimenn og aðra þá sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni.

Að fjármagna þau sérverkefni sem sjóðsstjórn kann að ákveða hverju sinni.

3. gr.

Árlegar tekjur sjóðsins eru framlag frá sveitarstjórn samkvæmt fjárhagsáætlun Eyjafjarðarsveitar hverju sinni og gjafir sem sjóðnum kunna að berast.

4. gr.

Menningarmálanefnd Eyjafjarðarsveitar fer með stjórn sjóðsins.

Nefndin getur skipað starfsnefndir um einstök atriði sbr. 2. grein.

Endurskoðaða reikninga sjóðsins skal birta árlega með reikningum sveitarinnar.

5. gr.

Að öllu jafna þurfa umsækjendur að hafa lögheimili í Eyjafjarðarsveit eða hafa haft þar lögheimili á síðastliðnum tveimur árum til að geta hlotið greiðslu úr sjóðnum.

Úthlutunarnefnd er heimilt að víkja frá reglu um lögheimilisfesti hafi viðkomandi starfsemi ótvírætt heimili í sveitarfélaginu eða umsókn sé til þess fallin að samfélagið hafi augljósa tengingu eða hag af stuðningi við hana.

6. gr.

Menningarmálanefnd áskilur sér rétt til að styrkþegi leyfi íbúum Eyjafjarðarsveitar að njóta listar sinnar a.m.k. einu sinni á því ári sem hann hlýtur styrkinn, sveitinni að kostnaðarlausu, t.d. með sýningar- eða tónleikahaldi, samstarfi við félög sveitarinnar, skóla, eldri borgara og/eða aðra listamenn.

Í umsókninni skal koma fram á hvern hátt listamaðurinn hyggst láta Eyjafjarðarsveit njóta listar sinnar. Menningarmálanefnd útvegar viðeigandi húsnæði til listviðburða ef þörf er á, styrkþega að kostnaðarlausu.

Standi styrkþegi ekki við þetta ákvæði fær hann ekki lokagreiðslu styrksins sem ákveðin er af menningarmálanefnd.

7. gr.

Nefndin skal auglýsa eftir umsóknum á heimasíðu sveitarinnar og öðrum þeim miðlum sem hún ákveður hverju sinni.

Umsóknum skal skila til menningarmálanefndar hálfum mánuði fyrir auglýstan úthlutunardag sem er 1. apríl og 1. nóvember ár hvert.

8. gr.

Menningarmálanefnd ákveður hverju sinni fjölda styrkþega og miðar styrkuppþæðir við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

Samþykkt í sveitarstjórn 27. Mars 2025